

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 – 1994

28. janúar 1994

69

Nr. 43

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 313/1993 um greiðslumark
mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda
verðlagsárið 1993-1994.

1. gr.

3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýli. Tilkynningar um aðilaskipti fyrir verðlagsárið 1993-1994 skulu hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. mars 1994 til að þau taki gildi á verðlagsárinu. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs liggur fyrir.

2. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, er verði 4. mgr., svohljóðandi:

Eigi að selja greiðslumark út af búnaðarsambandssvæði skal tilkynna það viðkomandi búnaðarsambandi. Skal söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Eiga aðrir bændur á búnaðarsambandssvæðinu þá forkaupsrétt að greiðslumarkinu í tvær vikur eftir að tilkynning um sölu berst til búnaðarsambands. Sé forkaupsréttar neytt og andvirði greiðslumarks ekki staðgreitt skal fullnægjandi trygging sett að mati seljanda fyrir eftirstöðvum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. janúar 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.